



Formannafundur AKÍS

4. nóvember 2023

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn kl. 10:00 á skrifstofu sambandsins að Engjavegi 6 í Reykjavík.

1. Fundur settur

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), formaður AKÍS, bauð fundarfólk velkomid og setti fundinn. Stakk hann uppá Björgvin Jónssyni (BJ) sem fundarstjóra og Aðalsteini Símonarsyni (AS) sem ritara fundarins. Var það samþykkt samhljóða. BJ tók við fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar

TMP flutti skýrslu stjórnar:

“Eins og undanfarin á þá má segja að keppni í hermiakstri hafi þjófstartað, þar sem núverandi keppnistímabil byrjaði af fullum krafti strax eftir síðasta formannafund því hermikappaksturinn fór af stað þann 13. nóvember 2022 og verður svo aftur í ár.

Alls voru haldnar 62 akstursíþróttakeppnir og er hér um að ræða sambland af keppnum til Íslandsmeistara og bikarmeistara. Þá eru ótaldar æfingar, sýningar og greinar svo sem bíla- og hávaðalimbó.

Kringum 1150 keppnisskírteini voru gefin út á keppnistímabilinu sem lokið er, auk þess sem elleftu alþjóðleg keppnisskírteini voru gefin út. Það var athyglisvert að geta borið saman árangur okkar fólks við árangur erlendra keppenda og verður að viðurkenna að við stóðum okkur vel þegar á heildina er litið.

Gaman er að segja frá því að tvenn systkini eru í hópi þeirra sem fór erlendis að keppa þau Ásta og Daniel Sigurðarbörn og Jóhann Ingi og Heiða Karen Fylkisbörn.

Það voru nokkrir sem skráðu sig í boðsmót í hermikappakstri sem haldin voru á Norðurlöndum og Úkraínu (sjálfstæðismót). Þar sem ekki þarf alþjóðleg keppnisskírteini fyrir hermikappakstur þá er fjöldinn sem tekur þátt í alþjóðlegum hermikappakstursmótum nokkuð á reiki.

Skoða þyrfti í vetur hvernig alþjóðlegu keppnisskírteinin koma inn í tölu útgefina keppnisskírteina þegar verið er að reikna út fjölda fulltrúa á ársþing. Þá ætti einnig að skoða hvort að alþjóðlegt keppnisskírteini gefur viðkomandi heimild til að keppa á Íslandi án þess að greiða AKÍS gjaldið, þar sem viðkomandi er með keppnisskírteini sem gildir út árið. Þetta þarf að skoða um leið og farið er í skráningarkerfi AKÍS.

Vegna breytinga á skrifstofu sambandsins varð töf á námskeiðahaldi, en það fór af stað og eru nú til staðar fyrirlestrar fyrir keppnisstjóra og dómnefndir. Þá geta áhugasamir horft á þessa fyrirlestra og síðan tekið próf í þeim, eins og reynt var í síðastliðið sumar og tókst með ágætum.

Stefna AKÍS er að vinna áfram að bættum vinnubrögðum og samræmdum vinnuferlum og það hefur sýnt sig að hvort tveggja er til bóta fyrir bæði keppnishaldara og keppendur.

Tvö aðildarfélag AKIS, KK og BÍKR, tóku þátt í Reykjavík International Games (RIG) 2023 og buðu uppá hermikappakstur og rally sprett. Hins vegar þá hefur áhugi á því að taka þátt í RIG 2024 verið dræmur og virðist einséð með að akstursíþróttir verði ekki á dagskrá næsta ár.

Sumarið 2022 bættist við rallycross keppnisbraut hjá Bílaklúbbi Akureyrar og var hún aftur nýtt í ár. Það er von stjórnar að það hún muni nýtast um ókomin ár og reynast vel.

Í ár var í fyrsta sinn sem Alþjóða Ólympíunefndin (IOC) bauð upp á “ólympíuleika í hermi íþróttum”. Ekki voru allir sammála með hvaða íþróttir urðu fyrir valinu, eða bogfimi, hafnabolti, skák, hjólreiðar, dans, siglingar, skotfimi, taekwondo, tennis og akstursíþróttir. Í akstursíþróttum var keppt í Gran Turismo 7 eftir að Sony, eigandi leiksins, hafði samþykkt að allar þjóðir sem væru innan IOC gætu keppt. Þau lönd sem Sony hafði ekki gengið frá höfundarréttarmálum við var boðið að senda keppanda til Singapore sem myndi fara í sér undanúrslit þar, áður en

að sjálfri keppninni kæmi. Önnur lönd, þar sem höfundaréttur var frágenginn, þurftu að ná lágmarki til að komast inn og komust aðeins 16 lönd inn. Við héldum lengst af að við værum að fara að senda fulltrúa til Singapore, en Sony gekk frá höfundarréttarmálum sínum við Ísland tveim dögum áður en skráning hófst og því þurftu okkar menn að ná tímalágmarkinu, sem ekki tókst.

Þó svo að ég hafi sagt hér áðan “ólympíuleika í hermi íþróttum”, þá var það svo að þessir leikar fengu nafnið Olympic Esports Series, en aðalástæða þess var styrktarsamningar sem sum samböndin höfðu, eins og Sony var ekki með sama bílaframleiðanda í GT7 eins og styrkir IOC. Var víst um fleiri árekstra sem þessa og því þetta nafn.

Á næsta ári þá eru FIA Motorsport Games í Cordoba á Spáni og eru lönd í kringum okkur farin að huga að því að velja sína bestu keppendur. Það er hins vegar ekki gefið að taka þátt í þessum leikum og aðgengi okkar að fjármagni, miðað við stóru þjóðirnar, er lítið.

Vegna breytinga á reglubók FIA (International Sporting Code) þá varð jepparallið hluti af mótarið sem Bowler og breska akstursíþróttasambandið stóðu fyrir. Mun sama fyrirkomulag verða á næsta ári.

Alls eru 30 Íslandsmeistarar krýndir þetta árið í níu keppnisgreinum, sem er á pari við það sem verið hefur undanfarin ár.

Í kjölfar síðasta ársþings hvarf Bergur Þorri Benjamínsson frá störfum sem framkvæmdastjóri sambandsins. Stjórn ákvað að ráða starfsmann til að sjá um starfið og eftir nokkurt ferli kom Björgvin Jónsson til starfa þann 7. júní síðastliðinn.

Stjórn hefur verið að vinna að því með Fjármálaráðuneytinu að breyting verði gerð á vörugjöldum fyrir gokart. Það er okkur mikilvægt að þessir gokart og jafnvel crosskart bílar beri eins lítil gjöld og hægt er. Búist er við að lagt verði fram frumvarpi nú í nóvember þar sem við vonum að vörugjöldin verði felld niður. Starfsmaður og formaður munu fylgja þessu eftir.

Starfshópur sá sem var í gangi um fjölmiðlamál starfaði síðastliðinn vetur og skilaði af sér rétt fyrir formannafund. Ekki var samstaða um hvert framhaldið ætti að vera og því var óbreytt ástand á síðastliðnu keppnistímabili. Hér síðar á fundinum þá er fjallað sérstaklega um fjölmiðlamál og hverjar eru helstu áskoranir í þeim efnum.

FIA hefur farið fram á að aðildarfélögin þess uppfylli ákveðna grunn umhverfisstefnu. Um leið og við skilum henni inni til FIA þá getum við átt von á því að endurskoðendur frá Ernst Young / Deloitte komi og taki út það sem við höfum sagst vera að gera. Þó margar af kröfunum séu tiltölulega einfaldar þá kallar þetta á samstarf við aðildarfélög okkar. Til dæmis þá þarf að vera:

- Úrgangsolútankur á brautum
- Ógegndræpt undirlag þarf að vera undir bílum þegar verið er að gera við þá.

Það eru margir svona hlutir sem við þurfum að skoða og athuga í sameiningu, sem og að áætla CO₂ fótspor akstursíþróttaráttanna hérlandis.

Á stjórnarfundum þann 18. júlí 2023 var Jón Þór Jónsson og Kolbrún Vignisdóttir skipuð í vinnuhóp til að koma með hugleiðingar og tillögur um barna- og unglingsstarf / afreksstarf sem lagðar yrðu fyrir formannafund. Þessi umræða fellur vel að þeirri umræðu sem kemur nú frá ÍSÍ um afreksstarf. Með tilkomu Vésteins Hafsteinssonar sem afreksstjóra ÍSÍ í hálfu starfi þar og hálfu starf hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu hafa öll tök á afreksstarfi innan ÍSÍ tekin stakkaskiptum - eiginlega byltingu. Þó er það svo að þar er verið að skipuleggja til langs tíma og reiknað með að árangur fari að sjást 2025.

AKÍS á að nýta sér að ýta úr vör barna- og unglingsstarfi til að byggja traustan grunn að fyrir afreksfólk í akstursíþróttum að blómstra hér og erlendis.

Með ráðningu Vésteins og þeirri staðreynd að hann er beint undir ráðherra og ráðuneytisstjóra þá hefur hann möguleika á því að koma að ýmsum málum á þeim vettvangi, nægjanlega hátt í stjórnkerfinu til að hafa áhrif. Eftir viðræður þá hefur hann komið á framfæri við Ásmund Einar Daðason að það vanti reglugerð um akstursíþróttir og lög um tryggingar í akstursíþróttum. Þó svo að Ásmundur Einar fari ekki með málefni akstursíþróttanna, þá hefur hann aðgengi í þá samráðherra sína sem gera það. Vonandi hreyfist málið nú í framhaldi þessara tíðinda.

Sjálfbóðaliðar eru sá grunnur sem íþrótt- og ungmennafélagsstarf á Íslandi hefur byggt á gegnum árin. Nú hin seinni ár þá hefur orðið erfiðara að fá sjálfbóðaliða til starfa og í nokkrum tilvikum þá þarf hreinlega að ráða starfsfólk til að sinna því sem sjálfbóðaliðar sinntu áður. Þetta er, því miður, ekki sér íslenskt fyrirbæri, þetta er það sem heyrir frá flest öllum systur samböndum okkar. Þetta er einnig tónn sem við heyrum frá íþróttasamböndum innan ÍSÍ.

Allt sem við getum gert til að hlúa að sjálfbærni okkar ættum við að fá margfalt til baka.

Það eru ugglaut mörg önnur mál sem mætti eða ætti að minnast á, en ég læt þetta nægja að sinni, en vil enda á því að þakka öllum aðildarfélögum, sjálfbærni og ráðum og nefndum sem starfa innan AKÍS innilega fyrir allt það óeiginlega starf sem þið og ykkar fólk hefur unnið í þágu íslenskra akstursíþróttar.

3. Skýrslur ráða og nefnda

Skýrslur alla keppnisráða liggja fyrir rafrænt, aðgengilegar fundarfólki.

Keppnisráð í drifti - [tengill á skýrslu ráðsins](#).

Keppnisráð í hringakstri - Baldvin Hansson flutti skýrslu ráðsins og kom fram í máli hans að eftir gerð skriflegu skýrslunnar hafi komið inn keppnir í go-kart sem sé vel. [Tengill á skýrslu ráðsins](#).

Keppnisráð í torfæru - [tengill á skýrslu ráðsins](#).

Keppnisráð í rally - Aðalsteinn Símonarson flutti skýrslu ráðsins, [tengill á skýrslu ráðsins](#).

Keppnisráð í rallycrossi - [tengill á skýrslu ráðsins](#).

Keppnisráð í spyrnu - Ingimundur Helgason flutti skýrslu ráðsins, [tengill á skýrslu ráðsins](#).

4. Keppnisdagatal 2024

Fyrir liggur dagatal með óskum frá keppnishöldurum. Farið var yfir dagatalið, nokkrar lagfæringar gerðar og það síðan samþykkt í eftirfarandi mynd:

Dags	Grein	Mót	Skýring	Félag	Staður
19.11.2023	Hermikappakstur	Íslandsmót	iRacing	KK	GT akademían
3.12.2023	Hermikappakstur	Íslandsmót	iRacing	KK	GT akademían
7.1.2024	Hermikappakstur	Íslandsmót	iRacing	KK	GT akademían
4.2.2024	Hermikappakstur	Íslandsmót	iRacing	KK	GT akademían
3.3.2024	Hermikappakstur	Íslandsmót	iRacing	KK	GT akademían
7.4.2024	Hermikappakstur	Íslandsmót	iRacing	KK	GT akademían
11.5.2024	Torfæra	Íslandsmót	Sindratorfæran	AÍNH	Hella
15.5.2024	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
16.5.2024	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
18.5.2024	Torfæra	Íslandsmót	KFC torfæran	KK/BA	Hafnarfjörður
20.5.2024	Spyrna	Annað	Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
25.5.2024	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
25.5.2024	Spyrna áttungsmíla	Íslandsmót	og bikarmót B Jensen	BA	Akureyri
29.5.2024	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
31.5.2024	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes
1.6.2024	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes
1.6.2024	Spyrna	Annað	Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
1.6.2024	Spyrna kvartmíla	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
5.6.2024	Kappakstur	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
6.6.2024	Gokart	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
7.-8.6.2024	Nákv.- og sparakstur	Íslandsmót	ecoRally Landsvirkjunar	KK	Suðurland
8.6.2024	Torfæra	Bikarmót		TK	Suðurland
13.6.2024	Brekkusprettur	Bikarmót	Bíladagar Hill Climb	KK/BA	Akureyri
14.6.2024	Drift	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
15.6.2024	Götuspyrna	Íslandsmót	Bíladagar	BA	Akureyri
16.6.2024	Sandspyrna	Íslandsmót	Bíladagar (tvær keppnir)	BA	Akureyri
16.6.2024	Annað	Annað	Bíladagar Burn-out	BA	Akureyri
17.6.2024	Annað	Annað	Bílasýning	BA	Akureyri
22.6.2024	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
26.6.2024	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
27.6.2024	Spyrna áttungsmíla	Bikarmót		BA	Akureyri
28.6.2024	Rally	Íslandsmót		BÍKR	Ótilgreint
29.6.2024	Torfæra	Íslandsmót	ISAVIA torfæran	Start	Egilsstaðir
6.7.2024	Spyrna	Annað	Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
6.7.2024	Spyrna áttungsmíla	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
6.7.2024	Spyrna áttungsmíla	Bikarmót	King of the Street	KK	Hafnarfjörður
10.7.2024	Kappakstur	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
11.7.2024	Gokart	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður

Dags	Grein	Mót	Skýring	Félag	Staður
13.7.2024	Spyrna	Annað	Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
13.7.2024	Spyrna kvartmíla	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
20.7.2024	Rallycross	Íslandsmót		BA	Akureyri
20.7.2024	Torfæra	Íslandsmót		TK	Suðurland
24.7.2024	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
26.-27.7.2024	Rally	Íslandsmót	Ljómarally	BS	Skagafjörður
27.7.2024	Spyrna áttungsmíla	Íslandsmót	og bikarmót	BA	Akureyri
3.8.2024	Traktorstorfæra	Bikarmót		AÍNH	Flúðir
8.8.2024	Spyrna áttungsmíla	Bikarmót		BA	Akureyri
8.-11.8.2024	Jepparally	Bikarmót	CanAm Iceland Hill Rally	KK	Hafnarfjörður
10.8.2024	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
11.8.2024	Drift	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
11.8.2024	Kappakstur	Íslandsmót	og bikarmót	KK	Hafnarfjörður
15.8.2024	Spyrna áttungsmíla	Bikarmót		BA	Akureyri
15.8.2024	Gokart	Íslandsmót		AÍH/BA	Hafnarfjörður/Akureyri
17.8.2024	Torfæra	Íslandsmót	Greifatorfæran	BA	Akureyri
17.8.2024	Spyrna	Annað	Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
17.8.2024	Spyrna kvartmíla	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
18.8.2024	Rallycross	Íslandsmót		AÍH	Hafnarfjörður
21.8.2024	Tímaat	Bikarmót		KK	Hafnarfjörður
24.8.2024	Spyrna	Annað	Brautardagur	KK	Hafnarfjörður
24.8.2024	Spyrna áttungsmíla	Íslandsmót		KK	Hafnarfjörður
31.8.2024	Torfæra	Bikarmót		TK	Suðurland
6.-7.9.2024	Rally	Íslandsmót	Rally Reykjavík. Vægi: 1,5	BÍKR	Ótilgreint
7.9.2024	Sandspyrna	Íslandsmót		BA	Akureyri
14.9.2024	Rallycross	Íslandsmót		BA	Akureyri
28.-29.9.2024	Rallycross	Bikarmót	Rednek	AÍH	Hafnarfjörður
5.10.2024	Rally	Íslandsmót		AÍFS	Suðurnes

5. Umræður um afreksstefnu AKÍS

Jón Þór Jónsson varaformaður stjórnar AKÍS fór yfir vinnu starfshóps sem stjórn skipaði um barna- og unglingastarf ásamt afreksstarfi, [tengill á kynningu](#).

Í umræðum var bent á að Junior dragster sé keppniform í spyrnu fyrir allt niður í 6 ára til dæmis í USA. Einnig mikilvægi þess að svona verkefni eins og kynnt var séu fóstuð og fylgt vel eftir með skipulögðum hætti.

Þá var rætt um mögulega fjármögnun og mikilvægi þess að breyta aldursviðmiðum fyrir gokart, sem sett eru af sambandinu.

Fundurinn samþykkir að áfram verði unnið að málinu í samræmi við tillögur starfshópsins og aðrar hugmyndir sem fram komu í umræðum.

6. Fjölmíðlamál

TMP fór yfir stöðu málsins og hvað gert hefur verið á vegum sambandsins undanfarna mánuði, sjá [hér](#). Í umræðum var bent á að um allan heim sé sent út beint frá hverskonar viðburðum í akstursíþróttum og að það sé slæmt að ekki náist samstaða um það hérað.

Jafnframt heyrðust raddir sem lögðu áherslu á að félögin gætu fengið greitt frá þeim sem taka upp og eða senda út frá keppni, til að vega upp á móti töpuðum aðgangseyri vegna þess að færri áhorfendur mæti á viðburðina ef þeir eru sendir út.

Fundurinn samþykkti að stjórn geri sniðmát að samningi sem nýta mætti fyrir upptökur og útsendingar í einstökum greinum.

7. Félagaskiptagluggi

TMP skýrði tillögu stjórnar um að komið verði á félagaskiptaglugga og einungis í honum sé hægt að skipta um félag og þá með sérstakri aðgerð, sjá [hér](#). Ekki komu fram andmæli við hugmyndinni.

8. Nauðsyn ökuskírteina í akstursípróttum

Farið yfir hvað lög landsins segja um málið, sjá [hér](#).

Nokkur umræða varð um málið og sýndist sitt hverjum um hvort eðlilegt væri að aðili sem ekki er með ökuréttindi, þó hann hafi aldur til þess, geti keppt í akstursípróttum ef hann hefur ekki verið sviptur réttindunum. TMP upplýsti í þessu sambandi að beðið væri eftir lögfræðiláti á málefnum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og niðurstaðan yrði send á aðildarfélögin er hún lægi fyrir.

9. Umsagnir / úttektir á brautarsvæðum

Málið tekið af dagskrá.

8. Önnur mál

- a) **Keppendur og ökumenn** - Baldvin Hansson skýrði muninn á keppendum og ökumönnum samkvæmt reglum í akstursípróttum. Verið er að vinna í að fá inn í mótakerfið möguleika á að skrá keppanda sérstaklega.
- b) **Mótakerfið** - Bent var á ýmsa galla á mótakerfinu, svo sem aðgang, geta séð skoðunarskýrslur miðlægt, vandamál með upplýsingaskýrslur, búraskýrslur og fleira. Fram kom að stöðugt er unnið að endurbótum en þær gangi því miður hægt.
- c) **Kosning formanna á Akstursípróttafólki ársins 2023** - Baldur Haraldsson benti á að kosning formanna á akstursípróttafólki ársins hafi að sínu áliti ekki verið framkvæmd í samræmi við Reglur um Akstursípróttamann ársins. Talsverð umræða varð um málið og að lokum samþykkt að láta kosninguna gilda þrátt fyrir nokkra annmarka. Áhersla var lögð á að í framtíðinni væri mikilvægt að kosningin væri leynileg og að sambandið standi betur að henni, sem og tilnefningum keppnisráða.

AS, BJ og TMP falið að ganga frá fundargerð og birta innan sjö daga á www.akis.is.

Fundi slitið kl. 14.45

Viðauki A: Mæting

Tryggvi M Þórðarson - AKÍS
Hanna Rún Ragnarsdóttir - AKÍS
Jón Þór Jónsson - AKÍS (í gegnum fjarfundarbúnað)
Baldvin Hansson - Hringakstursráð
Aðalsteinn Símonarsson - AKÍS / Rallýráð
Ari Halldór Hjaltason - AKÍS / Öryggisráð
Einar Gunnlaugsson - BA
Garðar Gunnarsson - AÍFS
Linda Dögg Jóhannsdóttir - AÍH
Sigurður Ingi Sigurðsson - AKÍS
Baldur Haraldsson - BS
Ingimundur Helgason - Spyrnuráð
Kári Rafn Þorbergsson - AÍNH
Páll Jónson - Torfærklúbburinn
Valdimar Jón Sveinsson - áheyrnarfulltrúi BÍKR